

**106** að hún hafi verið búin að dvelja þar í hreppnum 9 ár samfleytt ýmist hjá móður sinni eða sem vinnukona, að farið hafi verið að líða að því, að hún yrði þar sveitlæg. Hafi »því verið stuðlað til þess, að hún viki burt úr hreppnum eitt ár«, enda flutti Guðfinna næsta ár inn í hreppinn aftur. Virðist oddviti Presthólahrepps telja það skyldu hreppsnefnda, að firra hreppinn þeim vandræðum og tjóni, sem af því geti hlotist, að alveg efnalaust fólk verði þar sveitlægt, sbr. brjef hans til yðar, herra sýslumaður, dags. 26. júlí f. á.

En um þetta atriði farast Guðfinnu sjálfri þannig orð í yfirlýsingarskjali, er hún hefir handsalað nafn sitt undir á Rauфарhöfn í votta viðurvist 13. desember f. á.: »að eg vildi verða kyr í Presthólahreppi árið 1899, en var flæmd þaðan burtu að tilhlutun hreppsnefndarinnar, sem ekki vildi leyfa mjer að hafa heimili í Presthólahreppi það ár«.

Það virðist því nægilega upplýst í málinu, að hreppsnefnd Presthólahrepps hafi árið 1899 gert ráðstafanir til þess, að Guðfinna, er þá var fullvinnandi og ómagalaus, gegn vilja sinum yrði að flytja burt úr hreppnum um eins árs tíma til þess, að hún yrði þar ekki sveitlæg, en slíkt framferði sveitarstjórna verð eg að álíta koma algerlega í bága við fátækralöggjöfina og ýmsa yfirvaldsúrskurði í sveitfestismálum, t. a. m. landshöfðingjaúrskurði 27. febrúar 1891 (Stj.tíð. s. á. B. bls. 55) og 20. nóvember 1902 (Stj.tíð. s. á. B. bls. 275) og afleiðinguna af því þá, að sveitfestisdvöl hlutaðeigenda slitni ekki við burtför, sem þannig er til komin.

Af framangreindri ástæðu verð eg að líta svo á, að Guðfinna Halldórsdóttir hafi unnið sjer sveit í Presthólahreppi og úrskurða, að hún sje ekki sveitlæg í Skeggjastaðahreppi.

**107** *Bjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um sveitfesti*  
12. ág. *geðveiks manns.*

Hreppsnefndin í Hólahreppi hefir áfryjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 10. mars þ. á., þar sem ákveðið er, að Bjarni nokkur Jóhannsson húsmáður á Bakka í Viðvíkurhreppi skuli teljast sveitlægur í Hólahreppi.

Tilfni þessa máls er það, að hinn 20. júní f. á. var leitað til hreppsnefndar Viðvíkurhrepps um hjálp handa manni þessum, af því að hann var þá orðinn svo bilaður á geðmunum, að hann gat ekki hugsað um nje sjeð fyrir sjer eða sínu, en hreppsnefndir þessara nefndu hreppa greinir á um sveitfesti hans. Það er viðurkent, að hann er fæddur í Hólahreppi og hefir dvalið, án þess að þyggja sveitarstyrk, samfleytt 16 ár í Viðvíkurhreppi eftir 16 ára aldur; fyrst 8 ár í vinnumennsku og síðan vorið 1907 í húsmennsku, án þess að hafa sótt um leyfi hreppsnefndar til þess. En það verður að telja upplýst í málinu, að hreppsnefndin hafi vitað um húsmennskudvöl hans þar í hreppi og hafi ekki amast á neinn hátt við henni, og verður þá, eftir þeirri venju, sem með mörgum úrskurð-

um um langt skeið er komin á í því efni, að líta svo á, að hreppsnefndin hafi þegjandi samþykkt húsmennskudvöl hans, og að nefndur maður hafi þá unnið sjer 12. ág. **107**

Því er hjermeð úrskurðað, að nefndur Bjarni Jóhannsson skuli teljast sveitlægur í Viðvíkurhreppi.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd þess hrepps og hreppsnefnd Hólahrepps.

*Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Rangárvallasýslu um endurgreiðslu á barnsmeðlagi.* **108**  
14. ág.

Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 18. febr. þ. á., sem losar Holtamannahrepp hinn forna við að endurgreiða Stokkseyrarhreppi útlagt 50 kr. meðlag um árið 2. septbr. 1913 til jafnlengdar 1914 með óskilgetnu barni Þorbjargar nokkurrar Þorbergsdóttur á Stokkseyri og Einars nokkurs Þórðarsonar í Reykjavík, Bergþóru að nafni.

Barnsfaðirinn, sem sveitlægur er í Holtamannahreppi hinum forna, er með úrskurði bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 9. júlí 1910, skyldaður til að greiða 50 kr. árlegt meðlag með barni þessu. Samkvæmt úrskurði þessum hefir Stokkseyrarhreppur lagt barnsmóðurinni út meðlag fyrir umrætt meðlagsár og krafist endurgjalds á því frá Holtamannahreppi forna. En hreppsnefndin hefir neitað að greiða, vegna þess, að barnsmóðirin hafi þá verið gift öðrum manni, en við það hljóti framfærsluhreppur barnsföður að losna við framfærsluskylduna, að minsta kosti meðan stjúpfaðirinn, fjárhagsins vegna, er fær um að framfæra konu sína og börn hennar án fátækrastrýsks. Á þetta hafð þjer fallist og styðjið það við ákvæði 30. gr. fátækralaganna. En þetta verður ekki talið rjett, því eftir hlutarins eðli getur það, að móðir óskilgetins barns síðar giftist öðrum manni en barnsföðurnum, ekki haft nein áhrif á skyldur hans og framfærslusveitar hans gagnvart barninu og barnsmóðurinni, enda eru ákvæði fátækralaganna í fullu samræmi við það, sjá sjerstaklega niðurlag 1. málsgreinar 4. gr. laganna.

Samkvæmt þessu er hjermeð úrskurðað, að Holtamannahreppur hinn forni skuli endurgreiða Stokkseyrarhreppi framangreindar 50 kr.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Holtamannahrepps hins forna,